

Tillaga til þingsályktunar

um samning milli Íslands, Noregs og Grænlands/Danmerkur um loðnustofninn á hafsvæðinu milli Íslands, Jan Mayen og Grænlands.

(Lögð fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd samning milli Íslands, Noregs og Grænlands/Danmerkur um loðnustofninn á hafsvæðinu milli Íslands, Jan Mayen og Grænlands sem undirritaður var í Kaupmannahöfn 18. maí 1992.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Með þingsályktunartillögu þessari fer ríkisstjórnin þess á leit að Alþingi heimili staðfestingu samnings milli Íslands, Noregs og Grænlands/Danmerkur um loðnustofninn á hafsvæðinu milli Íslands, Jan Mayen og Grænlands. Samningurinn er birtur sem fylgiskjal 1 með þingsályktunartillögu þessari.

Samningur þessi tekur við af samningi landanna um sama efni frá 12. júní 1989, sbr. auglýsingu nr. 2/1989 í C-deild Stjórnartíðinda þar sem samningurinn er birtur. Sá samningur var árangur viðræðna í Osló í janúar 1989. Samningur um loðnuveiðar hafði verið í gildi síðan í maí 1980 milli Íslands og Noregs en þrátt fyrir margar tilraunir hafði ekki tekist fyrir fundinn í Osló að ná samkomulagi sem tæki til veiða innan grænlenkrar lögsögu. Alþingi veitti heimild til staðfestingar samningsins með ályktun 11. maí 1989. Í samningnum var kveðið á um skiptingu á leyfilegum heildarafla milli landanna og ennfremur um heimildir til veiða innan lögsögu landanna. Samkvæmt samningnum var grænlenstum og norskum skipum heimilt að veiða loðnu innan lögsögu Íslands norðan 64°30'N til 15. febrúar ár hvert. Jafnframt voru íslenskum veiðiskipum heimilaðar veiðar innan lögsögu Jan Mayen án takmarkana og í lögsögu Grænlands norðan 64°30'N. Samningur þessi gildi fyrir þrjár vertíðir og féll úr gildi 30. apríl 1992 eða í lok síðustu vertíðar.

Þær þrjár vertíðir, sem fylgdu eftir að samningurinn tók gildi, brá svo við að loðnuveiðar gengu mjög illa fyrir áramót og var afli á sumar- og haustvertíð óverulegur miðað við það sem hann hafði áður orðið. Hins vegar varð veiði betri eftir áramótin og leiddi þetta til þess að hin erlendu veiðiskip sóttu í auknum mæli til veiða hér við land eftir áramótin en þá eru veiðar yfirleitt stundaðar á takmarkaðra svæði en á sumrin.

Í febrúar 1992 var boðað til fundar samningsaðila í Osló þar sem rætt var m.a. um hvort framlengja bæri samninginn. Af Íslands hálfu var lögð fram hugmynd sem gerði ráð fyrir takmörkun á heimildum erlendra skipa til veiða innan lögsögu Íslands. Ekki náðist samkomulag á þessum fundi en aðilar héldu áfram að ræða óformlega um möguleika á samkomulagi. Þessar viðræður leiddu síðan til að haldinn var fundur í Kaupmannahöfn 18. maí 1992 og náðist þar samkomulag un. að framlengja samninginn um tvær vertíðir með þeirri breytingu að aðilar skyldu semja sérstaklega um takmarkanir á veiðum innan lögsögu Íslands og Jan

Mayen. Með þessari breytingu var komið til móts við óskir Íslendinga um takmarkanir á veiðum innan íslenskrar lögsögu. Að öðru leyti er efni samningsins óbreytt frá þeim samningi sem gerður var 1989.

Jafnhliða þessu komust aðilar að samkomulagi um sameiginlega yfirlýsingu varðandi framkvæmd samningsins. Hún fylgir hér sem fylgiskjal 2. Í yfirlýsingunni er kveðið á um að aðilar skuli kappkosta að veiða sinn hlut í heildaraflanum innan eigin lögsögu. Jafnframt komust Ísland og Noregur að samkomulagi um frekari takmarkanir á veiðum. Í yfirlýsingunni segir að norskum skipum sé aðeins heimilt að veiða 35% af bráðabirgðakvótanum Noregs innan lögsögu Íslands. Með sama hætti eru veiðar íslenskra skipa í lögsögu Jan Mayen takmarkaðar við 35% af bráðabirgðakvóta Íslands. Jafnframt er í yfirlýsingunni kveðið á um hvernig skuli standa að reikningi bóta. Ekki þykir þörf á að setja samsvarandi takmarkanir á veiðar grænlandskra skipa því Grænlandingar eiga engin skip sem stunda loðnueiðar. Fáir skip annarra þjóða hins vegar leyfi hjá grænlandskum stjórnvöldum til þess að stunda veiðar úr hlutdeild Grænlands hafa þau ekki heimild til veiða innan lögsögu Íslands nema að fengnu sérstöku samþykki íslenskra stjórnvalda.

Fulltrúar hagsmunaaðila í sjávarútvegi tóku þátt í samningaviðræðunum um gerð samningsins og hafa mælt með staðfestingu hans.

Fylgiskjal 1.

SAMNINGUR

milli Íslands, Noregs og Grænlands/Danmerkur
um loðnustofninn á hafsvæðinu milli Íslands,
Jan Mayen og Grænlands

1. gr.

Aðilar skulu eiga samvinnu um verndun og nýtingu loðnustofnsins á hafsvæðinu milli Grænlands, Íslands og Jan Mayen.

2. gr.

Aðilar skulu leitast við að ná samkomulagi um leyfilegan hámarksafla á loðnu fyrir hverja vertíð. Náist ekki samkomulag mun Ísland, sem sá aðili sem mestra hagsmuna hefur að gæta varðandi loðnustofninn, ákveða leyfilegan hámarksafla. Noregur og Grænland skulu þó ekki bundin af þeirri ákvörðun, sé hún bersýnilega ósanngjörn. Leitast skal við að ákveða fyrir 1. júní ár hvert leyfilegan hámarksafla til bráðabirgða og fyrir 1. desember endanlegan leyfilegan hámarksafla fyrir vertíðina sem hefst 1. júlí og stendur til 30. apríl árið eftir.

3. gr.

Leyfilegur hámarksafli skiptist milli aðila þannig:

Grænland	11 af hundraði
Ísland	78 af hundraði
Noregur	11 af hundraði

AVTALE

mellom Island, Norge og Grønland/Danmark om
loddebestanden i farvannene mellom Island,
Jan Mayen og Grønland

Artikkel 1

Partene skal samarbeide om bevaring og forvaltning av loddebestanden i farvannene mellom Grønland, Island og Jan Mayen.

Artikkel 2

Partene skal søke å bli enige om den største tillatte totalfangst (TAC) for lodde for hver enkelt sesong. Hvis enighet ikke oppnås skal Island, som den Part som har den største interesse i loddebestanden, fastsette den største tillatte fangstmengde. Norge og Grønland skal imidlertid ikke være bundet av denne fastsettelse dersom den er åpenbart urimelig. Bestrebelses skal gjøres for å fastsette innen 1. juni og 1. desember hvert år, henholdsvis den foreløpige og den endelige TAC for den sesong som begynner 1. juli og varer til 30. april påfølgende år.

Artikkel 3

Den største tillatte totalfangst skal fordeles mellom Partene som følger:

Grønland	11 prosent
Island	78 prosent
Norge	11 prosent

4. gr.

Ef aðili ákveður að framselja sína aflahlutdeild að fullu eða hluta skal hann tilkynna það hinum aðilunum.

5. gr.

1. Ef Noregur eða Grænland veiða ekki sína hlutdeild á tiltekinni vertíð skal Ísland leitast við að veiða það magn sem á vantar. Í slíkum tilvikum skal hlutaðeigandi aðili fá bætur á næstu vertíð sem nemi sama magni, enda hafi ástæður, sem hlutaðeigandi aðili réði ekki við, legið til þess að hann veiddi ekki sína hlutdeild á vertíðinni.

2. Ef bætur samkvæmt 1. tl. leiða til þess á einhverri vertíð að skiptingin er bersýnilega ósanngjörð skulu aðilar reyna að ná samkomulagi um það hvernig bótum skuli háttað.

6. gr.

1. Grænlandskum og norskum fiskiskipum skal heimilt til 15. febrúar á hverri vertíð að veiða loðnu í íslenskri efnahagslögsögu norðan 64°30'N með þeim takmörkunum sem aðilar komast að samkomulagi um. Ísland mun einnig leyfa þessum fiskiskipum að landa afla sínum í íslenskum höfnum og taka um bord vistir í íslenskum höfnum. Að fengnum tilmælum grænlandskra stjórnvalda getur Ísland veitt fiskiskipum af öðru þjóðerni, sem fengið hafa grænlandskt fiskveiðileyfi, sömu réttindi, enda sé gerður um það samningur við Ísland sem gildi fyrir eina vertíð í senn.

2. „Grænlandskt fiskiskip“ merkir í 1. tl. skip sem skráð eru í Grænlandi og fullnægja skilyrðum grænlandskra fiskveiðilaga um eignaraðild.

7. gr.

Íslenskum og norskum fiskiskipum skal heimilt að veiða loðnu í grænlandskri fiskveiðilögsögu norðan 64°30'N.

8. gr.

Fiskiskipum með grænlandskt fiskveiðileyfi og íslenskum fiskiskipum skal heimilt að veiða loðnu í fiskveiðilögsögunni við Jan Mayen með þeim takmörkunum sem aðilar komast að samkomulagi um og einnig til að landa afla sínum í norskum höfnum.

9. gr.

Með vísan til veiðiheimilda í lögsögu samkvæmt 6., 7. og 8. gr. getur hver aðili fyrir sig sett takmarkanir í sinni lögsögu með tilliti til stærðar fiskiskipa, fjölda þeirra og gerðar.

Artikkel 4

Hvis en av Partene beslutter å overføre sin kvote, helt eller delvis, skal de øvrige Parter informeres om det.

Artikkel 5

1. Hvis Norge eller Grønland i løpet av sesongen ikke fisker sin kvote, vil Island søke å fiske den gjenstående del. Vedkommende Part vil i så tilfelle bli kompensert i den påfølgende sesong med et tilsvarende kvantum, forutsatt at partens manglende fangst i den foregående sesong skyldes forhold som ligger utenfor dens kontroll.

2. Hvis kompensasjon i henhold til punkt 1 i en sesong fører til en fordeling som er klart urimelig, skal Partene søke å bli enige om på hvilken måte kompensasjon skal gjennomføres.

Artikkel 6

1. Grønlandske og norske fartøyer skal tillates å fiske lodde i hver sesong inntil 15. februar i den islandske økonomiske sone nord for 64°30'N, med slik begrensning som Partene måtte bli enige om. Island vil også tillate slike fartøyer å ilandføre sine fangster i islandske havner samt å ta ombord forsyninger i islandske havner. På anmodning fra Grønland og i henhold til avtale med Island for en sesong av gangen, kan Island tilstå disse rettigheter til fartøyer av andre nasjonaliteter med grønlandsk lisens.

2. Med „grønlandske fartøyer“ som omtalt i punkt 1, forstås fartøyer som er registrert i Grønland og oppfyller den grønlandske fiskerilovs krav til eierskap.

Artikkel 7

Islandske og norske fartøyer skal tillates å fiske lodde i den grønlandske fiskerisone nord for 64°30'N.

Artikkel 8

Grønlandsk lisensierte og islandske fartøyer skal tillates å fiske lodde i fiskerisonen ved Jan Mayen, med slik begrensning som Partene måtte bli enige om, så vel som å ilandføre sine fangster i norske havner.

Artikkel 9

I forbindelse med fiskeadgang som er nevnt i artiklene 6, 7 og 8, kan hver av Partene for sin sone fastsette restriksjoner m.h.t. fartøyenes størrelse, antall og type.

10. gr.

Aðilar skulu skiptast reglulega á tölfraðilegum upplýsingum um loðnuveiðarnar.

11. gr.

Aðilar skulu vinna saman að vísindalegum rannsóknum á loðnustofninum.

12. gr.

Aðilar skulu halda fund a.m.k. einu sinni á ári, til skiptis í löndunum þremur, til að ræða framkvæmd samningsins. Aðilar skulu hafa samráð um verndunaraðgerðir, þar á meðal um tillögur um lokanir svæða til verndunar smáloðnu.

13. gr.

Samningurinn skal gilda fyrir vertíðirnar frá og með 1. júlí 1992 til og með 30. apríl 1994.

Kaupmannahöfn, 25. júní 1992

Ingvi Ingvarsson
Fyrir Island

Thomas J. Ronneng
Fyrir Noreg

Lars Emil Johansen
Fyrir Grænland/Danmörku

Artikkel 10

Partene skal løpende utveksle statistikk om loddefangstene.

Artikkel 11

Partene skal samarbeide om gjennomføring av vitenskapelig forskning vedrørende loddebestanden.

Artikkel 12

Partene skal møtes minst en gang i året, vekselvis i hvert av de tre land, for å drøfte gjennomføringen av avtalen. Partene skal konsultere vedrørende iverksettelse av bevaringstiltak, inklusive forslag om stenging av områder for å beskytte loddeyngel.

Artikkel 13

Avtalen skal gjelde for sesongene fra og med 1. juli 1992 og til og med 30. april 1994.

København, den 25. juni 1992

Ingvi Ingvarsson
For Island

Thomas J. Ronneng
For Norge

Lars Emil Johansen
For Grønland/Danmark

Fylgiskjal 2.**Sameiginleg yfirlýsing varðandi framkvæmd samningsins**

Aðilar skulu kappkosta að veiða sinn hluta hins leyfilega heildarafla innan eigin fiskveiðilögsögu.

Norskum fiskiskipum er aðeins heimilt að veiða 35% af hluta Noregs úr þeim leyfilega heildarafla, sem ákveðinn er til bráðabirgða samkvæmt 2. gr., innan efnahagslögsögu Íslands. Íslenskum fiskiskipum er heimilt að veiða 35% af þeim leyfilega heildarafla, sem ákveðinn er til bráðabirgða og kemur í hlut Íslands, innan fiskveiðilögsögunnar við Jan Mayen.

Avtalememorandum

Partene skal bestrebe seg på å fiske den andel af TAC som er tildelt dem innenfor sine egne fiskerijurisdiksjonssoner.

Av den kvoteandel som tildeles Norge i angjeldende sesong av den foreløpige TAC fastsatt i henhold til artikkel 2 tillates norske fartøyer kun å fiske 35% i den islandske økonomiske sone. Islandske fartøyer tillates å fiske i fiskerisonen ved Jan Mayen kun 35% av den kvoteandel af den foreløpige TAC som tildeles Island.

Við framkvæmd 5. gr. skal ekki reikna aðilum bætur vegna þess að þeir ná ekki að veiða það magn er veiða ber utan íslenskrar lögsögu. Við framkvæmd 2. t.l. 5. gr. skulu bætur þó endur-reiknaðar að því marki sem hinn leyfilegi hámarksafli, sem ákveðinn er til bráðabirgða, er hærri en 55% af endanlegum hámarksafla.

Kaupmannahöfn, 25. júní 1992

Ingvi Ingvarsson
Fyrir Ísland

Lars Emil Johansen
Fyrir Grænland/Danmörku

Thomas J. Ronneng
Fyrir Noreg

Med hensyn til gjennomføringen av artikkel 5, skal Partene ikke bli kompensert for eventuelt ikke oppfisket kvantum utenfor islandske sone. Med hensyn til gjennomføringen av artikkel 5, punkt 2, skal kompensasjon justeres i den grad som den foreløpige TAC er større enn 55% av den endelige TAC.

København, den 25. juni 1992

Ingvi Ingvarsson
For Island

Lars Emil Johansen
For Grønland/Danmark

Thomas J. Ronneng
For Norge